




Hlutdeild í nýjum íbúðalánunum



KR í fullu Gildi

Bls. 5



3,5 er talan

Bls. 8-9



Gamli danskur og fyrirvarinn

Bls. 6-7



„Stjórnvöld boða
réttindaskerðingu“

Bls. 2-4





Hús tekið á reynslubolta í Gildi

„Kannski stuðlum við að því að fleiri sameingarmál lífeyrissjóða komist á hreyfingu í framhaldinu. Það væri eðlilegt að sjóðunum fækki enn frekar og ég get alveg séð fyrir mér að þeir verði á endanum einungis fjórir eða fimm á almennum markaði og svo sjóðir fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga að auki. Hugmyndir um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn eru hins vegar að mínu mati rangar og verða vonandi aldrei ræddar í alvöru. Það er heilbriggt að hafa samkeppni í lífeyriskerfinu eins og annars staðar. Sjóðirnir eru ólíkir á ýmsan hátt og eiga að vera það.“

Stjórnir Gildis lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga hafa samþykkt samrunaáætlun og Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, var þegar byrjaður að „teikna“ næstu skref á kontórnum sínum þegar þetta spjall átti sér stað seint í september. Innan tíðar er stefnt að því að sameina sjóðina tvo formlega í nafni Gildis. Eignir sjóðsins aukast þá úr um 350 milljörðum króna í 380 milljarða.

Árni byrjaði að starfa fyrir Lífeyrissjóð sjómanna 1982, þá nýútskrifaður lögfræðingur úr Háskóla Íslands. Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, útskrifaðist sem lögfræðingur á sama tíma. Hann fór nokkru síðar að vinna fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og er þar enn starfandi.

Lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna og sjómanna voru á þessum tíma báðir í rekstri Tryggingastofnunar ríkisins en urðu síðar sjálfstæðir. Árni og Haukur störfuðu því undir sama þaki til að byrja með og voru auk þess báðir á kafi í íþróttum, Árni að keppa í knattspyrnu og körfubolta en Haukur að þjálfra í knattspyrnu.

Skrifleg rök fyrir því að leiðréttu rangfærslur

Gjarnan gustar um menn á efstu tindum. Þeir sem fara fyrir lífeyrissjóðum finna vel fyrir því og sæta stundum umtalsverðri ágjöf í opinberri umræðu. Slíkt telst nánast hluti af „geiminu“.

„Það þykir meira við hæfi að hrauna yfir lífeyrissjóði en tala vel um þá. Sjóðirnir eru gagnrýndir fyrir flest sem þeir gera eða gera ekki!“ segir Árni. „Auðvitað fær maður á sig skráp með tímanum en vissulega er ekki skemmtilegt til lengdar að heyra fullyrt aftur og aftur að stjórnendur lífeyrissjóða hugsi um flest annað en hagsmuni sjóðfélaga í starfi sínu. Mest fer samt í taugarnar að heyra þáttastjórnendur í útvarpi eða sjónvarpi fara hiklaust með staðleysur eða leyfa viðmælendum sínum að flytja alls kyns rangfærslur athugasemdalest. Ég heyrði einu sinni þvílíka þvælu í Ríkisútvarpinu um Gildi að ekki var hægt að sitja þegjandi undir því og óskaði eftir að gera athugasemd. Það tókst á endanum en ég var fyrst látinn skila skriflegri greinargerð til að færa rök fyrir því sem mér fannst aðfinnsluvert! Þetta var alveg ótrúlegt og fjarri öllu sem heitið getur fagmennska.“

4,5% réttindaskerðing verði fjárlagafrumvarpið samþykkt óbreytt

Viðfangsefni framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs eru mörg, fjölbreytt og misjafnlega auðveld við að eiga eins og gengur. Sum snúa inn á við í sjóðunum, önnur út á við sem hagsmunagæsla fyrir sjóðfélaga eða jafnvel fyrir allt lífeyrissjóðakerfið.

Eitt stærsta átakaefnið nú á haustdögum varðar samskipti við ríkisvaldið og birtist í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Það varðar örorkumál og framkvæmdastjóra Gildis hitnar strax í hamsi.

„Við höfum lögbundna skylduaðild að lífeyrissjóðum og fæstir eiga val um sjóði. Eðli máls samkvæmt er mun þyngri örorkubyrði hjá Gildi, lífeyrissjóði þar sem sjóðfélagar eru að stórum hluta verkafólk og sjómenn, en hjá sjóðum þar sem til dæmis skrifstofufólk er í meirihluta. Sá sem borgar í lífeyrissjóð með þunga örorkubyrði getur að óbreyttu ekki vænst þess að fá jafnmikil eftirlaun og sá sem borgar í sjóð með litla sem enga örorkubyrði. Þess vegna sömdu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins árið 2005 um að ríkið greiddi alls þrjú milljarða króna á ári til að jafna þennan mun í lífeyriskerfinu.“

Litið var á samkomulagið sem varanlega ráðstöfun en nú leggur ríkisstjórnin til að Alþingi afnemi jöfnunarframlagið og skerði þannig lífeyrisréttindi í þeim lífeyrissjóðum sem málið varðar. Þetta jafngildir 4,5% skerðingu lífeyrisréttinda sjóðfélaga Gildis, hvorki meira né minna. Slíkum áformum hlýtur að verða mætt af mikilli hörku, enda eru það sjálf stjórnvöld sem boða hér réttindaskerðingu.

Þar við bætist að í fjárlagafrumvarpinu sést að ríkið ætlar sér enn að koma sér hjá greiðslum í VIRK-starfsendurhæfingarsjóð sem Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins stofnuðu 2008.“

Gjaldeyrishöft til vandræða

Jöfnun örorkubyrðar brennur sem sagt á lífeyrissjóðunum nú um stundir og Árni nefnir líka gjaldeyrishöftin. Hann segir brýnt að koma hreyfingu á að losa um þau. Engin áform séu hins vegar sjáanleg sem sannfæri sig um að til tíðinda dragi í þeim efnunum alveg á næstunni.

„Gjaldeyrishöftin eru eitt alvarlegasta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir með hagsmuni lífeyrissjóða í huga. Við þurfum að dreifa áhættu og í hruninu kom sér nú aldeilis vel að sjóðirnir ættu hátt í 30% eigna sinna erlendis. Ef við ekki komumst með peninga úr landi keppa þeir um sömu fjárfestingarkostina hér heima. Það býður upp á ákveðna hættu og bólu myndun til lengri tíma litið. Ég hef ekki áhyggjur af slíku núna en frekar ef ástandið varir lengi.

Sumir orða það sem svo að þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt skuli lífeyrissjóðir vera með þeim síðustu sem fá að flytja fjármuni úr landi til fjárfestingar. Ég er því ósammála. Lífeyrissjóðirnir ættu að vera með þeim fyrstu sem fá að nýju fjárfestingarheimildir erlendis en það gæti gerst í ákveðnum skrefum.“

Hæfisreglur leiða til einsleitari hóps þeirra sem gefa kost á sér í stjórn

Árni Guðmundsson hefur verið lengi að í lífeyrissjóðakerfinu og man tímana tvöna. Margt er breytt og sumt mjög mikið, flest til góðs.

„Lífið var einfaldara þá en nú. Ég gegndi flestum störfum hjá Lífeyrissjóði sjómanna til að byrja með, reiknaði út lífeyri, innheimti iðgjöld og fjárfesti. Raunávöxtun eigna var oftast 8-9% á ári en síðan fóru menn að flækja hlutina með alls kyns fjármálaafurðum sem þurfti sérfræðinga til að skilja!

Árið 1992 var Lífeyrissjóði sjómanna heimilað að fjárfesta í innlendum hlutabréfum og 1994 fengu lífeyrissjóðirnir heimild til að fjárfesta í erlendum verðbréfum, sem var gríðarleg breyting. Stjórnkerfi og regluverk lífeyrissjóða hefur sömuleiðis breyst mjög mikið, einkum eftir hrun.

Stór hluti starfsins er að fylgjast með að reglum sé framfylgt og stjórnarfundum hefur snarfjölgað. Reglur hafa verið settar um hæfi stjórnarmanna og í sjálfu sér er til bóta að gera kröfur um hæfi. Í reynd kalla hæfisreglurnar og sérstaklega framkvæmd þeirra hjá Fjármálaeftirlitinu á að stjórnarmenn sjóðanna verði steypdir í svipað mót. Þannig útilokum við breidd og mismunandi bakgrunn, fjölbreytta lífsreynslu og þekkingu. Það er miður. Hæfismat Fjármálaeftirlitsins fælir greinilega ýmsa frá því að gefa kost á sér til setu í stjórn sjóðanna. Sumir treysta sér

ekki í hæfismatið og þá er skammt í að við sitjum uppi með eins konar atvinnumenn í stjórn lífeyrissjóða.“

Beinar kosningar til stjórna? Nei!

„Viðraðar eru alls kyns hugmyndir sem sagðar eru miða að því að auka lýðræði í lífeyrissjóðum, til dæmis með því að taka upp beina kosningu til stjórna og útiloka jafnframt atvinnurekendur frá því að eiga fulltrúa í stjórn sjóðanna. Ég hrífst ekki að beinum stjórnarkosningum og tel að slíkt ferli kalli á fleiri álitamál en því er ætlað að leysa.

Menn fara í gegnum ákveðið lýðræðislegt ferli í stéttarfélögum áleiðis í stjórn Gildis og fyrirkomulagið hefur sýnt sig vera gott. Samtök atvinnulífsins hafa svo sinn hátt á því að skipa sína stjórnarmenn.

Hvernig ætti að útfæra beinar kosningar til stjórnar í Gildi? Hér eiga yfir 180.000 manns lífeyrisréttindi, allt frá nokkrum krónum upp í mörg hundruð þúsund krónur á mánuði. Á allur sá hópur að eiga jafnan rétt í stjórnarkjöri? Á námsmaður í sumarvinnu fyrir áratugum að eiga jafnan rétt í stjórnarkjöri og skipstjóri sem greitt hefur í sjóðinn samfelt frá 1960?

Ábyggilega myndu heyrast hljóð úr mörgum hornum ef svona fyrirkomulag yrði tekið upp og það með réttu.

Fyrir lífeyrissjóðakerfið er mikill kostur að hafa atvinnurekendur með í stjórn sjóðanna, það eykur breiddina og alhliða þekkingu innan stjórnar. Aðilar vinnumarkaðarins sömdu um að stofna lífeyrissjóðina á sínum tíma, bera ábyrgð á þeim og verja þá þegar á þarf að halda. Það skiptir gríðarlega miklu máli.

Þegar til dæmis koma nú fram að mínu mati afskaplega vanhugsaðar tillögur stjórnvalda, um að afnema framlag til jöfunar örorkubyrði lífeyrissjóða, er gott að vita til þess að aðilar vinnumarkaðarins gangi fram fyrir skjöldu til að verja hagsmuni sjóðfélaga og grunnstoðir sjálfs lífeyrissjóðakerfisins. Þetta kerfi reynist nefnilega mjög vel, þrátt fyrir allt það neikvæða og ómaklega sem um það er itrekað sagt í dægurmálaumræðunni.“ ■



Tilvera í svart-hvítu

(og bláu í bland)

Árni Guðmundsson er og verður gegnheill KR-ingur, keppismaður sem þolir illa að tapa en hefur þroskast talsvert með árunum. Fæddur inn í KR, keppti í meistaraflokki fyrir KR í þremur greinum íþróttanna: knattspyrnu, körfuknattleik og handknattleik og fór lengst í körfunni. Þar varð hann tvisvar Íslands- og bikarmeistari. Í enska boltanum er hann harður stuðningsmaður Chelsea og synirnir tveir eru jafnvel enn harðskeyttari í þeim efnum. Eplin falla þétt upp við eikina. Körfuna stundar hann enn á veturna en golfið á sumrin.

Íþróttafrík? Já, er svarið

„Körfuboltinn er einstaklega skemmtilegur og göfugastur allra íþróttagreina. Ég hætti of seint í handbolta forðum til að einbeita mér að körfunni. Við KR-ingar urðum Íslands- og bikarmeistarar í körfubolta 1979, besta liðið sem ég spilaði í á ferlinum.

Ég spila enn körfu og íþróttirnar gera gagn á margan hátt. Hreyfingin er auðvitað holl sem slík en um leið afslöppun. Sportið er til góðs í daglegu amstri. Reyndar lít ég öðrum þræði á starfið sem keppni í að gera vel og helst betur en næsti maður. Sífelldu eru á dagskrá viðfangsefni sem þarf að leysa og mörg kalla á vandlega umhugsun og vangaveltur.

Lífeyrismál geta verið býsna snúin og persónuleg. Gildandi reglur eru heldur ekki alltaf skýrar til að vinna eftir. Við starfsmennirnir verðum að hlusta á sjóðfélagana og stuðla að því að þeir njóti í hvívetna þess réttar sem þeim ber.

Ósjálfrátt koma ýmis álitamál upp í hugann utan vinnutíma, jafnvel á koddanum undir svefninn. Þannig er það og þannig verður það. Vinnan er eðlilega alltaf nálæg og þá er gott að hafa íþróttirnar til að kúpla sig út úr erli dagsins um stund.“ ■

Húsnæðislánakerfið – sagan endalausa?

Ráðherraskipuð verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála leggur til umfangsmiklar breytingar á húsnæðislánakerfinu á Íslandi og í loftinu liggur að ríkisstjórnin feti þá leið í lagafrumvarpi til Alþingis.

Sérfræðingar á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða fóru yfir hugmyndir verkefnisstjórnarinnar og mæla hvorki með né styðja þær en gera ýmsar athugasemdir.

» **Líst ykkur ekki á blikuna, Stefán Halldórsson, starfsmaður sérfræðingahóps lífeyrissjóðanna?**

„Svarið getur ekki verið stuttaralegt! Við vitum vel að Íbúðalánasjóður á við vanda að etja. Í því ljósi leggjumst við ekki gegn áformum um nýtt húsnæðislánakerfi og lokum engum dyrum. Hins vegar höfum við sitthvað að athuga við tiltekna þætti eða hugmyndir um útfærslu þeirra í skýrslu verkefnisstjórnar félags- og húsnæðismálaráðherra.

Lífeyrissjóðirnir eiga mikið undir að hér takist vel til við breytingar á kerfinu. Okkur þykir sem vanti upp á að verkefnisstjórnin hafi til dæmis kannað ítarlega hvort sú leið sem hún leggur til sé sú hagkvæmasta fyrir Ísland.“

Lengra svar

með fyrirvara við „gammel dansk“



Gylfi Arnbjörnsson

Verkefnisstjórnin skilaði skýrslu sinni um nýtt húsnæðislánakerfi í maí 2014 og horfði þar mjög til danska húsnæðislánakerfisins, eins og það var fram til ársins 2003. Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, leit til sömu áttar á ráðstefnu Landsbankans um húsnæðismál í Hörpu núna í september og nefndi fyrirkomulagið til 2003 „gammel dansk“ til aðgreiningar danska kerfinu eftir 2003! „Gammel dansk“ byggðist í stórum dráttum á fasteignalánafélögum sem veittu veðlán til íbúðakaupa einstaklinga.

Verkefnisstjórnin, sem ráðherra félags- og húsnæðismála skipaði á sínum tíma, leggur til að Íbúðalánasjóði verði breytt og núverandi verkefnum hans skipt upp, annars vegar í nýtt, opinbert húsnæðislánafélag sem annast almennar lánveitingar til húsnæðismála án ríkisábyrgðar. Hins vegar verði mörg verkefni, sem Íbúðalánasjóður sinnir nú ásamt viðbótarverkefnum, færð til sérstakrar stofnunar. Þar með eru talin verkefni sem snúa að opinberri stefnumótun í húsnæðismálum.



Stefán Halldórsson

Lífeyrissjóðir láni áfram til íbúðarkaupa

Stefán Halldórsson, starfsmaður sérfræðinga á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða, kynnti umsögn þeirra á Landsbankaráðstefnunni og hafði „lausnir hæfi litlum markaði“ sem yfirskrift ávarps síns. Hann kallaði eftir frekari samanburði fasteignalánamarkaðar hér og í Danmörku og greiningu ávinnings/kostnaðar við að innleiða á Íslandi kerfi með sambærilegu sniði og Danir höfðu fram á árið 2003.

Sérfræðingahópurinn leggst eindregið gegn því að afnema heimildir lífeyrissjóða og annarra til að veita fasteignaveðlán, enda myndi þá lánakostum fækka og samkeppni minnka.

- » Skýrsla verkefnisstjórnar félags- og húsnæðismálaráðherra um framtíðarskipan húsnæðismála.

[Sækja skýrslu á vef!](#)

- » Umsögn sérfræðingahóps Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögur verkefnisstjórnar.

[Sækja skýrslu á vef!](#)

Heimildin um séreignarsparnað verði tímabundin


Sérfræðingar lífeyrissjóðanna leggjast gegn þeirri tillögu verkefnisstjórnar ráðherra að gera heimild, til að nýta séreignarsparnað til íbúðarkaupa, varanlega. Stefán segir að séreignarsparnaður sé nauðsynlegur til að draga úr tekjuskerðingu fólks sem fer á eftirlaun. Séreignarsparnaðurinn skili sköttum til samneyslunnar þegar þar að komi og stuðli að því að létta byrði fólks á vinnumarkaði vegna samneyslunnar á næstu árum og áratugum þegar öldruðum fjölgar hratt hlutfallslega.

Enn fremur stuðli séreign að því að dreifa áhættu í lífeyrissparnaði og tryggja framfærslu viðkomandi lífeyrisþega.

Enn má nefna að sérfræðingahópur lífeyrissjóðanna varar við „einhliða ákvörðun um afnám verðtryggingar í lífeyriskerfinu“, enda sé skilgreint markmið lífeyrissjóða að tryggja kaupmátt sjóðfélaga sinna.

Hvað þarf að eiga mörg árslaun?

Fjöldi árslauna



Einstaklingur sem vill tryggja sér 70% af núverandi launum í eftirlaun í 15 ár þarf að byggja upp sjóð sem nemur 8,2 árslaunum. Ef gert er ráð fyrir að lífeyrissjóður greiði um 40% af lokalaunum þarf að safna sjóði sem nemur 3,5 árslaunum. Tölurnar breytast ef markmiðið er annað hlutfall af launum.

Forsendur: Reiknað er með 3,5% ávöxtun á ári, að lífeyrissjóður greiði ellilífeyri sem nemur 40% af lokalaunum og viðbótarsparnaður þurfi að endast í 15 ár.

Þrír komma fimm er talan

Talan 3,5 er vissulega hvorki heilög né töfrum hlaðin en hún kemur mjög við sögu í tengslum við lífeyrissjóði og eftirlaunasparnað á Íslandi:

- Miðað er við 3,5% raunvexti þegar lífeyrissjóðir reikna út réttindi sjóðfélaga.
- 3,5% ávöxtunarviðmið er notað til að reikna út verðmæti eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða svo unnt sé að meta hvort þeir standi við lífeyrisskuldbindingar sínar.

Nú bætist eftirfarandi við. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins og formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, velti á dögnum fyrir sér svari við algengri spurningu: Hve mikinn viðbótarsparnað þarf að eiga við starfslok til að eftirlaun teljist „viðunandi“? Hann gaf sér að 70% af heildarlaunum teldust viðunandi eftirlaun og fékk þá niðurstöðu sem svar við spurningunni að viðbótarsparnaður þyrfti þá að svara til þriggja og hálfra árslauna. Talan ásækna, 3,5, birtist sem sagt þarna líka!

Viðmiðun, ekki algild sannindi

„Mér þótti svolítið skemmtilegt að reikna mig þarna niður á kunnuglega tölu. Auðvitað eru engin algild sannindi til um hve mikill viðbótarsparnaður teljist „viðunandi“ eða „æskilegur“. Aðstæður eru svo mismunandi. Sumir komast af með minna en aðrir vilja hafa meira úr að spila á eftirlaunaskeiðinu. Aðalatriðið er að fólk byrji strax í upphafi starfsferils síns að leggja aukalega fyrir til efri áranna með því að stofna til séreignarsparnaðar.

Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvenær eftirlaun séu „nægjanleg“ en hver og einn á að setja sér markmið eftir því sem honum finnst henta og duga. Nærtækast er að horfa til núverandi heildarlauna og meta eftirlaunapörfina út frá þeim. Treystir fólk sér til að lifa bærillega fyrir umtalsvert minna ráðstöfunarfé en svarar til launatekna nú? Þá þarf líka að horfa til útgjalda í nútíð og framtíð.“



Gunnar nefnir sem dæmi varðandi útgjaldahliðina á efri árum að eftirlaunamaður

- greiðir hvorki í lífeyrissjóð né í séreignarsparnað.
- þarf ekki að verja sig tekjumissi með örorkutryggingu.
- greiðir ekki af lánum og hefur ekki þörf á líftryggingu vegna áhvílandi skulda – að því gefnu að hann sé skuldlaus í lok starfsferils síns.
- getur í mörgum tilvikum lækkað rekstarkostnað heimilisins með því að minnka við sig húsnæði og ætla má að fækkað hafi í heimili þegar líður á ævina.

Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir að kostnaður vegna frístunda, læknisþjónustu og lyfja aukist þegar líður á ævina.

Því fyrr sparað, því betra

„Algengt er að miða eftirlaun við ákveðið hlutfall núverandi launa fyrir vinnu, til dæmis 60-80% af launum. Eftirlaun verða að minnsta kosti að duga til lágmarksframfærslu. Sú upphæð telst vera um 180 þúsund krónur fyrir einstakling og 325 þúsund krónur fyrir hjón samkvæmt framfærsluviðmiðum velferðarráðuneytisins.

Sá sem gerir kröfu um að eftirlaun sín séu 70% af launum í fimmtán ár eftir starfslok þarf að eiga séreignarsparnað og lífeyrisréttindi sem samanlagt svarar til 8,2 árslauna. Þar af yrði séreignarsparnaður að nema 3,5 árslaunum,“ segir Gunnar Baldvins-son.

„Það gefur auga leið að fáum eða engum tekst að leggja til hliðar á skömmum tíma upphæð sem svarar til margfaldra árslauna. Réttu og viðráðanlega leiðin er hins vegar sú að byrja strax í upphafi starfsferils síns að leggja fyrir í séreignarsparnað. Sá sem nýtir sér heimild til viðbótarlífeyrissparnaðar alla starfsævina, það er að segja leggur fyrir 2-4% af launum og fær 2% mótframlag launagreiðanda, fer langt með að ná því markmiði að safna þremur og hálfum árslaunum áður en hann fer á eftirlaun. Því fyrr sem byrjað er að spara, því betra.“ ■

Eftirlaun

eru að jafnaði samanlagðir fjórir tekjuliðir fólks á efri árum:

1. Ellilífeyrir almannatrygginga.
2. Ellilífeyrir lífeyrissjóða.
3. Viðbótarlífeyrissparnaður (séreignarsparnaður).
4. Annar sparnaður eða aðrar eignir.

Almannatryggingar tryggja að allir hafi lágmarkslífeyri. Greiddur eru tekjutengdur lífeyrir sem fellur niður þegar greiðslur úr lífeyrissjóðum og aðrar tekjur fara umfram ákveðin mörk.

Lög mæla fyrir um skylduáild Íslendinga að lífeyrissjóðum og úr þeim fá sjóðfélagar greidd eftirlaun til æviloka. Lífeyrissjóðir hafa að markmiði að sjóðfélagar, sem greitt hafa 12% af launum í 40 ár, fái lífeyri sem svarar til 56% af meðallaunum frá 67 ára aldri. Þetta hlutfall er í reynd yfirleitt lægra vegna þess að laun hækka jafnan þegar líður á starfsævina og meðallaun eru lægri hlutfallslega en lokalaunin. Fólki þarf því að leggja fyrir og byggja upp viðbótar-sparnað vilji það auka við eftirlaunin sín.

41 þúsund lífeyrisþegar

2,4 milljarðar króna

3 starfsmenn



Starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóða eru Sara Jóna Stefánsdóttir, Matthildur Hermannsdóttir framkvæmdastjóri og Jóhanna Ólafsdóttir

Lítið fer fyrir Greiðslustofu lífeyrissjóðanna hvernig svo sem á er litið. Í húsakynnum hennar er ekki sérlega vítt til veggja og þar eru bara þrír starfsmenn. Þarna slær samt hjarta þriðjungs lífeyrissjóðakerfisins.

Fjórir tugir þúsunda manna fá mánaðarlega yfir tvo milljarða króna frá Greiðslustofunni fyrir hönd ellefu lífeyrissjóða, um 35% alls lífeyris sem greiddur er úr íslenskum lífeyrissjóðum hverju sinni.

Greiðslustofa lífeyrissjóðanna er afsprengi Sambands almennra lífeyrissjóða – SAL, annarra tveggja heildarsamtaka lífeyrissjóða á árum áður.

SAL sameinaðist Landssambandi lífeyrissjóða í desember 1998 og til urðu Landssamtök lífeyrissjóða.

SAL annaðist tiltekna þjónustu fyrir aðildarsjóði sína. Sú þjónustueining SAL varð sameignarfélag árið 2002 og er nú greiðslustofa lífeyrissjóða sem flestir eiga rætur í gamla SAL. Greiðslustofan þjónar þessum eigendum sínum, Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar að auki og sinnir líka ýmsum skrifstofustörfum fyrir Landssamtök lífeyrissjóða.

Lengstur starfsaldur í lífeyrissjóðakerfinu

Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri Greiðslustofu lífeyrissjóðanna, er sjálf í hnotskurn stór hluti af þessari sögu. Hrafn Magnússon, þáverandi framkvæmdastjóri SAL og síðar Landssamtaka lífeyrissjóða, réði hana til starfa 1976 og Matthildur hefur þar með að baki lengstan starfsferil allra starfsmanna í íslenska lífeyrissjóðakerfinu að því best er vitað. Leiðir þeirra Hrafns lágu reyndar fyrst saman í Samvinnuskólanum að Bifröst þar sem hann kenndi en hún var nemandi.

„Greiðslustofan kemur fram sem einn greiðsluaðili gagnvart sjóðfélögum ellefu lífeyrissjóða annars vegar og hinu opinbera hins vegar,“ segir Matthildur. „Við borgum út lífeyri, tökum við skattkortum og sjáum um öll skil á staðgreiðslu.“

Svo bættist heilmikið við 1. febrúar 2014 þegar tóku gildi ný lög um almannatryggingar og lífeyrisþegum var gert skylt að sækja fyrst um lífeyri áður en sótt er um hjá Tryggingastofnun. Við tókum við umsóknum og úrskurðum í slíkum málum fyrir hönd þriggja lífeyrissjóða. Úrskurðir af því tagi koma til okkar kasta á hverjum einasta degi.

Þá má nefna að við erum undir sama þaki og Landsamtök lífeyrissjóða, eigum gott samstarf við þau og sinnum ýmsum verkefnum fyrir samtökin.“

Þúsund „kúnnar“ í útlöndum

Greiðslustofa lífeyrissjóða er í sambandi við um þúsund manns erlendis vegna lífeyrisgreiðslna. Annars vegar eru það Íslendingar sem búa í útlöndum, hins vegar útlendingar sem unnið hafa á Íslandi og öðlast lífeyrisréttindi hér.

Það hefur fjölgað mjög í þessum hópi. Á þenslu-tímanum snarfjölgaði erlendu verkafólki á Íslandi en eftir hrun snarfjölgaði Íslendingum sem settust að erlendis. Allir sem fá lífeyri frá Íslandi verða að láta vita af sér einu sinni á ári til að tryggja áframhaldandi greiðslur. Heyrist ekki lífsmark að utan eru greiðslur til viðkomandi stöðvaðar.

Önnur merkjanleg breyting á síðari árum er að fólk fer að jafnaði fyrr á eftirlaun en áður og tekur þá á sig tilheyrandi skerðingu eftirlauna innan 67 ára aldurs. Algengt var að menn frestuðu því til sjötugs að fara á eftirlaun en slíkt gerist sjaldan nú. ■

Eigendur Greiðslustofu lífeyrissjóða

Festa lífeyrissjóður

Gildi lífeyrissjóður

Lífeyrissjóður bænda

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Stafir lífeyrissjóður

Stapi lífeyrissjóður

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Lífeyrissjóður verkfræðinga

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar er viðskiptavinur Greiðslustofunnar en ekki meðeigandi hennar.



Matthildur í Reykjavíkumaraþoni 2014.

Hlaupahind í stjórástóli

Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri Greiðslustofu lífeyrissjóða, hleypur ekki frá neinum vanda í vinnunni sinni en utan vinnu er hún nánast þindarlaus. Hún hefur hlaupið maraþon í aldarfjórðung hérlendis og í borgum víða um heim, til dæmis þrisvar í New York og verið fararstjóri maraþonhlaupara þar tíu sinnum.

Svo gengur hún á Hornströndum og hjólar langar leiðir þegar svo ber undir. Hún skrapp til dæmis til Spánar nú síðsumars og hjólaði eina 650 kílómetra. Það er hátt í Reykjavík-Akureyri-Reykjavík.

Matthildur hefur komið að því að skipuleggja hlaupaferðir til útlanda allt frá árinu 2000 og gerðist síðan umboðsmaður hlaupa sem kennd eru við World Majors maraþon.

Æviárum fjölgar að jafnaði og hvað þýðir það?

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) efna í lok nóvember til málþings um lengingu meðalævi landsmanna og hvernig lífeyriskerfið skuli bregðast við fyrirsjáanlegri breytingu á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Málþingið er samstarfsverkefni LL og aðila vinnu- markaðarins. Það verður kynnt og auglýst betur síðar, þ.e. staður þess og stund.

Á vettvangi lífeyrissjóðanna er kastljósum í vaxandi mæli beint að þeirri staðreynd að þjóðin eldist hlutfallslega, sem kallar óhjákvæmlega á viðbrögð af ýmsu tagi. Málþinginu er ætlað að stuðla að því að greina viðfangsefnið fræðilega og kynnast því jafnframt hvernig ráðamenn lífeyrissjóðakerfa í grannlöndum bregðast við öldrunarsprengunni þar.

Útgefandi: Landssamtök lífeyrissjóða, október 2014 - II.is

Ábyrgðarmaður: Pórey S. Þórðardóttir

Umsjón: Athygli - athygli.is

Hönnun & umbrot: Effekt - effekt.is